

Ályktun stjórnar lækna ráðs Landspítala: Starfsumhverfi, velferð og heilsa starfsmanna

Stjórn lækna ráðs Landspítala lýsir yfir áhyggjum af húsnæðismálum Landspítalans og því umhverfi sem starfsfólki og sjúklingum Landspítalans er boðið upp á.

Viðvarandi húsnæðisþrengsli og mikið álag á starfsemi Landspítalans hafa nú ríkt lungann af síðustu tveimur árum og sér ekki fyrir endann á. Eftirspurn eftir þjónustu er stigvaxandi alls staðar í heilbrigðiskerfinu. Lækna ráð telur ljóst að grípa verði til þjóðaráttaks svo unnt verði að leysa þennan vanda með markvissari skipulagsvinnu innan heilbrigðiskerfisins í heild sinni ásamt auknum fjárveitingum.

Mikið álag hefur verið á læknum og öðru starfsfólki Landspítalans ásamt viðvarandi og vaxandi skorti á sérhæfðu starfsfólki til hjúkrunar og rannsóknartengdrar þjónustu. Þessu til viðbótar bætast nú við fréttir af ónýtu og jafnvel heilsuspillandi rannsóknarhúsum sem starfsfólk hefur þurft að búa við á undanförunum árum.

Nýtt húsnæði undir alla rannsóknarstarfsemi Landspítalans er áætlað að taka í notkun árið 2023. Stjórn lækna ráð telur það of langan biðtíma og hvetur til þess að skipulagsvinnu, áætlunum, útboðum og framkvæmdum verði flýtt eins og kostur er. Niðurstaða síðustu skoðunar á rannsóknarhúsum Landspítalans kallar jafnframt á skjót viðbrögð og auknar fjárveingar til viðhalds og endurnýjunar á gömlu og úr sér gengnu húsnæði.

Velferð og heilsa starfsmanna Landspítalans verða að vera í forgangi, ekki síður en aðbúnaður sjúklinga.

F.h. stjórnar lækna ráðs Landspítala 23. mars 2017

Reynir Arngrímsson, formaður